

MENNING

listir

menningararfur

útvarp

málrækt

íþróttir

æskulýðsmál



Menning

listir
menningararfur
útvarp
málrækt
íþróttir
æskulýðsmál

Menntamálaráðuneytið
Janúar 2002

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir 25

Janúar 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: XYZETA ehf.

Prentun: Oddi h.f.

© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-74-3

Efnisyfirlit

Menningarmál	5
Listir og almenn menningarmál.....	5
Listamannalaun	6
Launasjóður rithöfunda	6
Launasjóður myndlistarmanna	6
Tónskáldasjóður	6
Listasjóður	7
Menningarsjóður félagsheimila	7
Launasjóður fræðiritahöfunda	7
Barnamenningarsjóður	7
Menningarborgarsjóður	8
Listir, framlög.....	8
Bókmenntir	8
Almenningsbókasöfn.....	8
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	9
Blindrabókasafn Íslands	9
Menningarsjóður	9
Bókasafnssjóður höfunda	9
Þýðingarsjóður.....	10
Bókmenntakynningarsjóður	10
Leiklist og aðrar sviðslistir	10
Leiklistarráð.....	11
Þjóðleikhúsið	11
Atvinnuleikhópar.....	11
Áhugaleikfélög	11
Íslenski dansflokkurinn	11
Íslenska óperan	12
Myndlist	12
Listasafn Íslands	12
Listasafn Einars Jónssonar.....	12
Önnur söfn	13
Listskreytingasjóður ríkisins.....	13
Myndhöfundasjóður Íslands	13
Upplýsingamiðstöð myndlistar	13
Tónlist.....	13
Sinfóníuhljómsveit Íslands	13
Tónlistarhópar og verkefni	14
Kvikmyndalist	14
Kvikmyndasjóður Íslands.....	15
Kvikmyndasafn Íslands	15
Kvikmyndaskoðun.....	15
Menningararfur.....	15
Safnaráð - Safnasjóður	16
Þjóðminjasafn Íslands.....	16
Byggðasöfn.....	16
Fornleifavernd ríkisins - Fornleifanefnd.....	16
Fornleifasjóður	16
Húsafriðunarnefnd.....	17
Húsafriðunarsjóður	17
Örnefnastofnun Íslands.....	17
Þjóðskjalasafn Íslands.	17
Endurbótasjóður menningarstofnana	18
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	18
Útvarp.....	18
Útvarpsréttarnefnd.....	18
Ríkisútvarpið	18

Málrækt	18
Íslensk málnefnd.....	18
Málræktarsjóður	19
Dagur íslenskrar tungu	19
Íþróttá- og æskulýðsmál	19
Íþróttamál	19
Íþróttanefnd - Íþróttasjóður	19
Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands.....	20
Afreksmannasjóður.....	20
Æskulýðs- og tómstundamál	21
Æskulýðsráð ríkisins	21
Yfirlit yfir framlög á fjárlögum til menningarmála 2002	22

Menningarmál

Menning er vandmeðfarið hugtak, m.a. að því leyti að skilgreining þess er óljós og mjög misjafnlega víðtæk. Í þessu samhengi er einkum fjallað um menningarmál sem heyra undir skrifstofu menningarmála sem er önnur af fagskrifstofum menntamálaráðuneytisins og falla ekki innan vébanda mennta- og vísindamála. Skilin milli þessara málaflokka eru að sjálfsögðu harla óglögg. Þannig er augljóst að skólar og vísindastofnanir gegna undirstöðuhlutverki í menningarlífi þjóðarinnar. Jafnframt er vert að benda á að í umfjöllun sem markast af ofangreindum ramma verða ýmsir mikilvægir þættir menningar afskiptir, svo sem þeir sem tengjast þjóðkirkjunni og öðrum trúarfélögum. Umgjörðin rúmar hins vegar listir í hefðbundnum skilningi, svo sem tónlist, leiklist, bókmenntir, kvikmyndir og fjölmiðla og varðveislu og miðlun menningararfsins. Til menningarmála falla einnig íþróttar- og æskulýðsmál.

Meginhluti þess menningarstarfs sem unnið er í landinu er í höndum einstaklinga eða samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um inntak og tilhögun starfseminnar. Þetta á við um listir, íþróttir og æskulýðsstarf og ýmsa fleiri þætti menningarmála. Dæmi um ríkisstofnanir sem standa sjálfar fyrir listastarfsemi eru Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Ríkisútvarpið. Menntamálaráðuneytið hefur gert árangursstjórnunarsamninga við þær undirstofnanir sem heyra undir það á sviði menningarmála. En að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana af því tagi lýtur hlutverk ríkisins á þessu sviði einkum að því að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín. Má þar nefna aukna áherslu stjórnvalda á menningu á landsbyggðinni. Svipuðu máli gegnir um atbeina sveitarfélaga.

Í því starfi sem beinist að varðveislu menningararfsins er stofnanahlutur hins opinbera fyrirferðarmikill. Flest meiri háttar söfn eru rekin eða kostuð af ríki eða sveitarfélögum, stundum í samvinnu. Einnig á þessu sviði er ábyrgðinni dreift á margar herðar. Hver og einn Íslendingur á sinn þátt í geymd og þróun menningararfleifðarinnar og hvernig henni verður skilað í hendur næstu kynslóða. Þetta er t.d. augljóst um slíkan grundvallarþátt sem móðurmálið.

Tölulegar upplýsingar um menningarmál veita harla ófullkomna hugmynd um menningarstarf í landinu ef þær taka einungis til þeirra þátta sem hið opinbera, hvað þá ríkið eitt, hefur bein afskipti af. Af sömu ástæðum er á hinn bóginn flóknara að koma höndum yfir þær upplýsingar sem þarf til að gefa viðunandi heildarmynd en ef starfsemin væri að miklu leyti í höndum opinberra aðila. Hin nýja upplýsingatækni á að gera auðveldara um vik í þessu efni og vonir standa til þess að með hjálp hennar verði bæði unnt að auka tiltækar upplýsingar og gera þær aðgengilegri.

Listir og almenn menningarmál

Starfsemi ríkisins á sviði lista og almennra menningarmála er í grófum dráttum með þrennum hætti:

1. Rekstur stofnana.
2. Starfræksla sjóða til stuðnings menningarstarfi.

3. Stuðningur við starfsemi og verkefni, ýmist lögbundin framlög eða styrkir á grundvelli fjárveitinga í fjárlögum hverju sinni.

Framlög til menntamálaráðuneytisins á fjárlögum 2002 eru 28,3 milljarðar króna af 239 milljarða heildarfjárveitingu ríkissjóðs, þar af er um 5,8 milljörðum króna varið til menningarmála eða um 21% af heildarfjárveitingu menntamálaráðuneytisins og um 2,4% af heildarfjárveitingu ríkissjóðs.

Listamannalaun

Samkvæmt núgildandi lögum um listamannalaun (nr. 35/1991 með síðari breytingum) eru árlega veitt starfslaun til handa listamönnum úr fjórum sjóðum: Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði. Þrír hinna fyrst nefndu eru sérgreindir sjóðir með sérstökum úthlutunarnefndum, en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita náms- og ferðastyrki. Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðunum og úthlutar fé úr Listasjóði. Menntamálaráðherra skipar í stjórnina til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, Listaháskóla Íslands auk eins sem skipaður er án tilnefningar.

Tilgangur listamannalauna er að stuðla að eflingu listsköpunar í landinu og skapa listamönnum, sem starfslaun hljóta, grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni.

Samanlögð starfslaun miðast við 1200 mánaðarlaun. Starfslaun listamanna eru miðuð við lektorslaun II við Háskóla Íslands á hverjum tíma. Þeir listamenn sem njóta starfslauna eiga ekki að gegna öðru föstu starfi á sama tíma og til þess er ætlast að þeir skili skýrslu um störf sín. Árið 2002 eru framlög skv. fjárlögum til launasjóða listamanna 246,9 millj. kr. Starfslaunin skiptast í eftirtalda sjóði:

- *Launasjóður rithöfunda*

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 480 mánaðarlauna. Rétt til launa úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar. Einnig er heimilt að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda.

- *Launasjóður myndlistarmanna*

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun sem svara til 320 mánaðarlauna. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna.

- *Tónskáldasjóður*

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun sem svara til 100 mánaðarlauna. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði.

- *Listasjóður*

Listasjóður veitir árlega starfslaun og styrki er svara til 300 mánaðarlauna. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og náð höfðu 60 ára aldri. Allt að þriðjungi framlags til Listasjóðs skal varið til stuðnings leikhópum svo sem mælt er fyrir um í ákvæðum leiklistarлага, enda verði því einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna.

Menningarsjóður félagsheimila

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um félagsheimili (nr. 107/1970 með síðari breytingum) og um starfsemi hans er nánar mælt í reglum um menningarsjóð félagsheimila (nr. 296/1990). Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfi í félagsheimilum og öðrum þeim stöðum sem henta menningarstarfi m.a. með því að styðja leikstarfsemi, tónleikahald, listsýningar, bókmenntakynningar og hvers konar aðra menningarstarfsemi. Sjóðurinn veitir styrki til að greiða ferða- og flutningskostnað vegna menningarviðburða úti á landi. Með stjórn sjóðsins fer menningarsjóðsnefnd, sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Bandalags íslenskra leikfélaga og Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 8,7 millj. kr.

Launasjóður fræðiritahöfunda

Launasjóður fræðiritahöfunda veitir árlega starfslaun. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, einn fulltrúi tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og formaður skipaður án tilnefningar. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 9,5 millj. kr.

Barnameningarsjóður

Barnameningarsjóður var stofnaður árið 1994 með framlagi frá menntamálaráðuneytinu og settar um hann reglur (nr. 246/1994). Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag frá menntamálaráðuneytinu og aðrar þær tekjur sem sjóðnum hlotnast. Hlutverk Barnameningarsjóðs er að styrkja verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku þeirra. Geta bæði einstaklingar og félagasamtök sótt um styrk úr sjóðnum. Barnameningarsjóði er einnig heimilt að veita m.a. styrki til námskeiða og ráðstefnuhalds ef viðfangsefni þeirra tengist meginmarkmiðum hans. Stjórn Barnameningarsjóðs er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Skal einn tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra listamanna, einn af Æskulýðsráði ríkisins og tveir skipaðir án tilnefningar. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum var árið 1995. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 2,5 millj. kr.

Menningarborgarsjóður

Menningarborgarsjóður var stofnaður árið 2001 með stofnframlagi frá Menningarborg 2000 samkvæmt samkomulagi menntamálaráðherra og borgarstjóra. Hlutverk sjóðsins er að styrkja nýsköpunarverkefni á sviði lista, menningarverkefni á vegum sveitarfélaga á landsbyggðinni og menningarverkefni fyrir börn og ungt fólk. Listahátíð í Reykjavík annast umsjóu Menningarborgarsjóðsins en sjóðnum stjórnar sérstök úthlutunarnefnd sem skipuð er 5 mönnum til tveggja ára. Listahátíð í Reykjavík skipar einn fulltrúa og er hann formaður úthlutunarnefndar, menntamálaráðherra skipar tvo fulltrúa og borgarstjóri tvo fulltrúa. Á árinu 2002 er framlag ríkisins skv. fjárlögum 5 millj. kr.

Listir, framlög

Í fjárlögum hefur allmörg undanfarin ár verið fjárlagaliður sem ber yfirskriftina Listir, framlög. Að því leyti sem skipting liðarins er ekki ákveðin í fjárlögum ráðstafar menntamálaráðuneytið honum á grundvelli umsókna til ýmissa verkefna á sviði lista og annarrar menningarstarfsemi.

Áætlun ráðuneytisins um skiptingu fjárins milli sviða er sem hér segir (framlög ákveðin í fjárlögum eru meðtalin):

Bókmenntir:	2.000 þús. kr
Leiklist:	4.500 þús. kr.
Tónlist:	12.900 þús. kr.
Myndlist:	9.750 þús. kr.
Kvikmyndalist:	300 þús. kr.
Listir og menning, ýmis verkefni:	10.600 þús. kr.

Við ráðstöfun fjár af þessum fjárlagalið nýtur menntamálaráðuneytið aðstoðar umsagnarnefnda í einstökum listgreinum. Í upphafi árs hefur ráðuneytið vakið athygli á þessum stuðningi við lista- og menningarstarfsemi með auglýsingu í dagblöðum. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári.

Bókmenntir

Almenningsbókasöfn

Í lögum um almenningsbókasöfn (nr. 36/1997) er mælt fyrir um að allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna og hlutverk þeirra er skilgreint þannig að þau séu upplýsinga- og menningarstofnanir fyrir almenning. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Almenningsbókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.

Til almenningsbókasafna teljast samkvæmt lögunum:

- bókasöfn fyrir almenning sem sveitarfélög reka,
- bókasöfn í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra og fangahúsum, rekin af hlutaðeigandi stofnunum.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, hefur ríkissjóður frá 1998-2001 úthlutað 4 millj. kr. árlega til að stuðla að því að almenningsbókasöfn yrðu fær um að bjóða þjónustu sem styddist við nútímaupplýsingatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet. Á árinu 2001 var gengið frá kaupum á sameiginlegu upplýsingakerfi fyrir öll bókasöfn í landinu. Áætlað er að kerfið verði opnað í Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni síðla sumars 2002 og tekið í notkun í öðrum bókasöfnum í kjölfar þess. Gert er ráð fyrir að lokið verður að koma kerfinu í gagnid á árinu 2003.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn starfar í Þjóðarbókhöllu á grundvelli laga nr. 71/1994. Safnið er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Meðal sérstakra verkefna sem safninu eru falin í lögunum er að gera skrár um íslenskar bækur, handrit og hljóðrit, veita upplýsingar um íslenska bókaútgáfu, stuðla að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veita þeim faglega ráðgjöf og eiga við þau sem víðtækast samstarf. Því er og ætlað að stuðla að fræðslu- og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 379,6 millj. kr.

Blindrabókasafn Íslands

Samkvæmt lögum um Blindrabókasafn Íslands (nr. 35/1982 með síðari breytingum) er hlutverk þess að sjá blindum og sjónskertum, og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu og annast jafnframt framleiðslu, útgáfu og miðlun hljóðbóka og blindraletursbóka, m.a. námsgagna. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 50,8 millj. kr.

Menningarsjóður

Hlutverk Menningarsjóðs samkvæmt lögum (nr. 79/1993) er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla er lögð á að efla útgáfu fræðiritra, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Sjóðurinn veitir einnig fjárhagslegan stuðning til annarrar skyldrar starfsemi, t.d. hljóðbókagerðar. Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum sem eru kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar kosningar. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 13 millj. kr.

Bókasafnssjóður höfunda

Bókasafnssjóður höfunda starfar á grundvelli laga (nr. 33/1997). Til hans rennur framlag úr ríkissjóði sem úthlutað er úr til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra réttshafa, enda séu bækur þeirra notaðar í almenningsbókasöfnum, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, skólasöfnum og bókasöfnum í stofnunum sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum. Úthlutunarfé skal skipt í tvo jafna hluta. Skal öðrum helmingi fjárens úthlutað einstökum höfundum í formi styrkja í

viðurkenningarskyni fyrir ritstörf og önnur framlög til bóka. Hinum helmingi fjárins skal úthlutað til rétthafa miðað við fjölda útlána bóka á bókasöfnum sem lögin gilda um. Fyrir hljóðrit og útgáfur á stafrænu formi er úthlutað á sama hátt. Stjórn Bókasafns sjóðs höfunda er skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára, tveir samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands, einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands og formaður stjórnar án tilnefningar. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 19,3 millj. kr.

Þýðingarsjóður

Þýðingarsjóður var stofnaður með lögum nr. 35/1981. Hlutverk sjóðsins er að lána útgefendum eða styrkja þá til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita. Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna. Menntamálaráðherra skipar 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndur af samtökum útgefenda, einn tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og formaður stjórnarinnar er skipaður án tilnefningar. Lögin kveða á um lágmark fjárveitingar til sjóðsins í fjárlögum ár hvert. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 7,6 millj. kr.

Bókmenntakynningarsjóður

Bókmenntakynningarsjóður starfar samkvæmt nýjum reglum nr. 997/2002. Hlutverk sjóðsins er stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta. Sjóðurinn veitir þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og stendur að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi. Hann veitir íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis, lætur vinna kynningarefni á erlendum tungumálum, hefur umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og er í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis. Stefnt er að því að koma á fót tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf innan lands og utan og semja um aðgang að gagnaböndum sem tengjast verkefnum sjóðsins. Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Einn er tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Félagi íslenskra bókaútgefenda, en formaður er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 6,5 millj. kr.

Leiklist og aðrar sviðslistir

Í leiklistarlögum (nr. 138/1998) er kveðið á um að ríkið reki og kosti Þjóðleikhús og veiti árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Slíkur fjárstuðningur getur auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans.

Samkvæmt leiklistarlögum er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir veiti fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verði í fjárhagsáætlun þeirra.

Leiklistarráð

Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir einn, Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa tilnefnir einn, en einn er skipaður án tilnefningar og er hann formaður ráðsins. Ráðið veitir umsögn um leiklistarerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni.

Þjóðleikhúsið

Samkvæmt leiklistarlögum (nr.138/1998) skal aðalverkefni Þjóðleikhússins vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi á óperum, söngleikjum og listdanssýningum. Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna leiklist og öðrum þeim listgreinum er starfi þess tengjast. Það skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera leiklistarnemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 454,3 millj. kr.

Samkvæmt samningi milli ríkissjóðs, Akureyrarbæjar og Leikfélags Akureyrar um framlög til atvinnuleikhúss á vegum **Leikfélags Akureyrar** greiða Akureyrarbær og ríkissjóður jafnhátt framlag til starfseminnar.

Í upphafi ársins 2000 gerðu menntamálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbær með sér samning til þriggja ára um stuðning við starfsemi **Hafnarfjarðarleikhússins Hermóðs og Háðvarar**.

Atvinnuleikhópar

Styrkjum til starfsemi atvinnuleikhópa úthlutar menntamálaráðuneytið að fengnum tillögum leiklistarráðs. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 35 millj. kr.

Áhugaleikfélög

Því fé sem veitt er í fjárlögum til starfsemi áhugaleikfélaga er úthlutað af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 17,2 millj. kr.

Íslenski dansflokkurinn

Um starfsemi Íslenska dansflokksins gilda nýjar reglur nr. 14/2002 sem settar eru með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998 og skv.

heimild í 19. gr. sömu laga. Í reglunum er kveðið á um að Íslenski dansflokkurinn sé sjálfstæður listdansflokkur. Markmið hans er að sýna listdans og enn fremur að stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi. Íslenska dansflokknum stjórnar listdansstjóri í samvinnu við stjórn dansflokksins, sem er þriggja manna stjórn skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Félag listdansara á Íslandi tilnefnir einn fulltrúa, sem skal þó ekki vera starfandi dansari hjá Íslenska dansflokknum en tveir fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Listdansstjóri er forstöðumaður dansflokksins og er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Í reglunum er enn fremur kveðið á um að listdansari, sem hefur verið fastráðinn dansari í a.m.k. 8 ár frá 1. mars 2001 og láta þarf af störfum við dansflokkinn vegna þess að hann uppfyllir ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar, á rétt á styrk með tvennum hætti. Annars vegar í formi eingreiðslu en upphæð hennar fer eftir starfstíma og hins vegar í formi námsstyrks 75% af launum í tvö eða þrjú ár eftir starfstíma dansara. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 63,6 millj. kr.

Íslenska óperan

Á árinu 2001 gerðu íslenska ríkið og stjórn Íslensku óperunnar samning um óperustarfsemi Íslensku óperunnar. Tilgangur samningsins er að stuðla að uppbyggingu samfelldrar og fjölbreyttrar óperustarfsemi á vegum Íslensku óperunnar sem verði vettvangur fyrir íslenska óperusöngvara til þess að þeir geti notað menntun sína og hæfileika. Samningurinn gildir til ársloka 2005. Framlag ríkisins árið 2001 var 65,1 millj. kr., árið 2002 er framlagið 107,1 millj. kr. en verður eftir það 130 millj. kr. ár hvert með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Myndlist

Listasafn Íslands

Listasafn Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 58/1988. Því er ætlað að vera megin safn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Gert er ráð fyrir að það veiti öðrum innlendum söfnum faglega ráðgjöf eftir föngum. Ætlast er til að safnið afli viðurkenndra erlendra listaverka, og má verja í því skyni tilteknum hundradshluta af því fé sem safninu er fengið í fjárlögum til listaverkakaupa. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 85,9 millj. kr.

Listasafn **Ásgríms Jónssonar** er rekið sem deild í Listasafni Íslands.

Listasafn Einars Jónssonar

Listasafn Einars Jónssonar er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn. Hlutverk Listasafns Einars Jónssonar er að varðveita, sýna og rannsaka verk Einars Jónssonar, halda skrá um verk hans, heimildir um æviferil og fleira er tengist lífi og list listamannsins. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 10,1 millj. kr.

Önnur söfn

Ýmis sveitarfélög standa að rekstri listasafna, yfirleitt án styrks af ríkisfé. Eftirtalin Listasöfn á vegum einkaaðila, fá rekstrarstyrki samkvæmt fjárlögum 2002: Listasafn Sigurjón Ólafssonar 6 millj. kr., Listasafn ASÍ 3 millj. kr. og Nýlistasafnið 5 millj. kr.

Listskreytingasjóður ríkisins

Um Listskreytingasjóð ríkisins gilda lög nr. 46/1998. Markmið hans er að fegra opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum og stuðla þannig að listsköpun í landinu. Verja skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar. Einnig er fjárveiting á fjárlögum hvert ár til listskreytinga eldri bygginga. Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og formaður skipaður án tilnefningar. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 8 millj. kr.

Myndhöfundasjóður Íslands

Á grundvelli laga nr. 60/2000 um breyting á höfundalögum, nr. 73/1992, með síðari breytingum um skipun sérstakrar Skilaneftndar um undirbúning niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands hefur Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef yfirtekið innheimtu og umsýslu svokallaðra fylgiréttargjalda frá 1. janúar 2001 skv. reglugerð nr. 486/2001 um fylgiréttargjald. En fylgiréttargjald ber að greiða af andvirði myndlistarverka og listmuna við sölu á listmunauppbodum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni. Hér er um að ræða 10% af andvirði hins selda listaverks. Gjaldið fellur í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans. Sé höfundaréttur fallinn niður eða í eigu íslenska ríkisins rennur fylgiréttargjaldið til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs.

Upplýsingamiðstöð myndlistar

Upplýsingamiðstöð myndlistar starfar skv. samstarfssamningi sem gerður var árið 1999 milli menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra myndlistarmanna og Myndstefs - höfundaréttarsamtaka myndlistarmanna. Upplýsingamiðstöðin hefur m.a. það hlutverk að efla kynningu á íslenskrum myndlist innan lands og utan og greiða fyrir því að myndlistarmenn geti nýtt sér tækifæri sem bjóðast til sýninga, náms og vinnuástöðu. Miðstöðin nýtur styrks frá ráðuneytinu.

Tónlist

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 en starfar nú samkvæmt lögum nr. 36/1982. Þar er kveðið svo á að starf hljómsveitarinnar miði að því

að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstök áhersla skal lögð á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar. Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum. Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa ríkissjóður, sem greiðir 56% rekstrarkostnaðar, Ríkisútvarpið 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 238 millj. kr.

Tónlistarhópar og verkefni

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands nýtur rekstrarstyrks af ríkisfé samkvæmt samningi við Akureyrarbæ um fjárframlög til menningarstarfsemi þar í bæ. Samkvæmt honum leggur Akureyrarbær einnig fram fé til starfsemi hljómsveitarinnar.

Kammersveit Reykjavíkur, Caput og Sumartónleikar í Skálholtskirkju fá framlag samkvæmt þriggja ára starfssamningi við menntamálaráðuneytið. Árið 2002 er framlag til Kammersveitar Reykjavíkur 3,5 millj. kr., til Caput 2 millj. kr., og til Sumartónleika í Skálholtskirkju 2,3 millj. kr.

Ýmsir tónlistarhópar og verkefni njóta styrks til starfsemi sinnar af fjárlagaliðnum Listir, framlög sem vikið er að hér að framan og á það einnig við um **Íslenska tónverkamiðstöð** sem fær 8,6 millj. kr. árið 2002, en meginmarkmið hennar er að halda til haga og skrá allar tegundir íslenskrar samtímatónlistar og kynna hana hérlendis sem og erlendis. Tónverkamiðstöðin miðlar einnig upplýsingum um íslenska tónlist, tónskáld og tónlistarlíf. Einnig má nefna verkefnið **Tónlist fyrir alla** sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem hefur það að markmiði að kynna íslenskum grunnskólabörnum ólíkar tegundir tónlistar. Framlag til verkefnisins Tónlist fyrir alla er 4,5 millj. kr. á árinu 2002.

Kvikmyndalist

Í árslok 1998 undirrituðu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkomulag við samtök í íslenski kvikmyndagerð (Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagið og Samtök höfunda kvikmyndahandrita) um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð árin 1999-2002.

Samkomulagið miðar við það að framleiddar séu 5 leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd á ári og að Kvikmyndasjóður standi undir 40% af kostnaðaráætlun en miðað er við 100 millj. kr. meðalframleiðslukostnaði á hverri mynd. Með þessu samkomulagi hafa framlög til Kvikmyndasjóðs aukist um 30 millj. kr. árið 2000, um 35 millj. kr. árið 2001 og 30 millj. kr. árið 2002.

Kvikmyndasjóður Íslands

Kvikmyndasjóður Íslands hefur samkvæmt lögum um kvikmyndamál (nr. 94/1984 með síðari breytingum) þau meginverkefni að úthluta styrkjum og lánum til íslenskrar kvikmyndagerðar, efla kvikmyndamenningu á Íslandi, afla og gefa út upplýsingar um íslenskar kvikmyndir, kynna íslenskar kvikmyndir erlendis í samvinnu við kvikmyndaframleiðendur og að reka Kvikmyndasafn Íslands. Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Ríkisframlag til sjóðsins er samkvæmt núgildandi lögum ákvarðað í fjárlögum hverju sinni. Hluti af framlaginu fer til úthlutunar styrkja sem þriggja manna nefnd valin af stjórn Kvikmyndasjóðs annast. Úthlutun fer fram einu sinni á ári. Veittir hafa verið styrkir til handritagerðar, undirbúningsstyrkir til framleiðenda, framleiðslustyrkir og styrkir til heimilda- og stuttmynda. Ný kvikmyndalög taka gildi 1. janúar 2003.

Stuðningur Kvikmyndasjóðs við íslenska kvikmyndagerð hefur á undanförunum árum numið um 19% af heildarfjármögnun, um 24% er framlag framleiðenda og annarra innlendra aðila og um 57% erlent fjármagn. Framlög til kvikmyndagerðar árið 2001 námu um 69 milljónum kr. Útgefin vilyrði til kvikmyndagerðar 2002 eru um 214 millj. kr. Erlendir sjóðir sem helst hafa styrkt íslenska kvikmyndagerð eru Media áætlun ESB, Eurimages (kvikmyndasjóður Evrópuráðsins) og Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn. Árið 2001 voru frumsýndar 3 íslenskar kvikmyndir, þar af fengu tvær þeirra styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum til Kvikmyndasjóðs 305,7 millj. kr.

Kvikmyndasafn Íslands

Kvikmyndasafn Íslands hefur aðsetur í Hafnarfirði og Hafnarfjarðarbær styrkir starfsemi þess með ýmsu móti. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 18,2 millj. kr.

Kvikmyndaskoðun

Kvikmyndaskoðun starfar á grundvelli laga nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Menningararfur

Á árinu 2001 voru samþykkt á Alþingi fjögur ný lög er varða menningararfinn, þ.e. lög um húsafriðun nr. 104/2001, lög um menningarverðmæti nr. 105/2001, safnalög nr. 106/2001 og þjóðminjalög nr. 107/2001. Helstu breytingarnar felast í að starfsemi Þjóðminjasafns Íslands er skipt í Þjóðminjasafn Íslands annars vegar og Fornleifavernd ríkisins hins vegar og þjóðminjaráð og safnráð Listasafns Íslands hafa verið lögð niður og safnaráð hefur að nokkru tekið við hlutverki þeirra. Stofnaðir hafa verið tveir sjóðir, Fornleifasjóður og Safnasjóður.

Safnaráð - Safnasjóður

Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa auk varamanns og Félag íslenskra safnmanna einn fulltrúa auk varamanns. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu forstöðumenn höfuðsafna, þ.e. Listasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og skulu þeir tilnefna varamenn í sinn stað. Hlutverk safnaráðs sem jafnframt er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna er að hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði en hlutverk hans er að styrkja starfsemi safna sem safnalögin ná yfir önnur en söfn í eigu ríkisins.

Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands er ríkisstofnun og höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Hlutverk þess og **byggðasafna** skv. þjóðminjalögum er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar svo sem forngripi, kirkjugripi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands sem utan. Safnið skal ennfremur stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Byggðasöfn teljast samkvæmt þjóðminjalögum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar, uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna samkvæmt safnalögum nr. 106/2001 og sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi að gegna því hlutverki sem að ofan greinir. Fjárveiting til byggða- og minjasafna, Hönnunarsafns Íslands, Sjóminjasafnsins og Læknaminjasafnsins er á fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands. Árið 2002 er framlag til Þjóðminjasafns Íslands skv. fjárlögum 226,6 millj. kr.

Fornleifavernd ríkisins - Fornleifanefnd

Fornleifavernd ríkisins fjallar um, veitir leyfi og hefur eftirlit með öllum staðbundnum og tímabundnum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. Fornleifanefnd er skipuð til fjögurra ára af menntamálaráðherra. Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa og þrjú fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Fornleifanefnd fjallar um mál sem skotið er til hennar á grundvelli 1. mgr., 7. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001. Á árinu 2002 er framlag skv. fjárlögum 30 millj. kr.

Fornleifasjóður

Umsýsla sjóðsins er í höndum þriggja manna stjórnar skipaðri af menntamálaráðherra. Stjórnin úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna. Tekjur sjóðsins eru framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum auk annarra framlaga.

Húsafriðunarnefnd

Húsafriðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Hún gerir tillögur til menntamálaráðherra um varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og metur hvaða hús er rétt að friða hverju sinni. Nefndin fer einnig með stjórn húsafriðunarsjóðs og ákveður styrki úr honum (sbr. reglugerð nr. 334/1998). Menntamálaráðherra skipar fimm menn í húsafriðunarnefnd, einn fulltrúa skv. tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjá án tilnefningar. Þjóðminjavörður eða fulltrúi hans hefur seturétt á fundum húsafriðunarnefndar. Forstöðumaður húsafriðunarnefndar er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 57,5 millj. kr.

Húsafriðunarsjóður

Hlutverk Húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds, varðveislu og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er einnig að veita styrki til annarra húsa sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðurinn stuðlar einnig að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær. Húsafriðunarsjóður fær fé úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni, frá sveitarfélögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk frjálsra framlaga. Styrkveitingar úr sjóðnum eru flokkaðar eftir verkefnum og eru styrkir veittir til friðaðra húsa, friðaðra kirkna, húsa á safnasvæðum, rannsóknarverkefna, húsakannana og annarra verkefna, m.a. viðgerðir á húsum í eigu einstaklinga eða sveitarfélaga, sem ekki eru friðuð en teljast merk að dómi húsafriðunarnefndar.

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnastofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 14/1998. Hlutverk hennar er að safna íslenskum örnefnum, rannsaka þau og birta um þau skrár. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 13,9 millj. kr.

Þjóðskjalasafn Íslands

Samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands (nr. 66/1985, með síðari breytingum) er hlutverk þess að safna og varðveita skjöl og aðrar skráðar heimildir þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir. Lögin kveða á um hvaða aðilum er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu. Þjóðskjalasafni er falið eftirlit með starfsemi **héraðsskjalasafna** (sbr. reglugerð nr. 283/1994) og lögin gera ráð fyrir að þau njóti árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Fjárveiting í þessu skyni er í fjárlögum á lið Þjóðskjalasafns sem annast úthlutun styrkjanna. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 115,6 millj. kr.

Endurbótasjóður menningarstofnana

Endurbótasjóður menningarstofnana starfar samkvæmt lögum nr. 83/1989 með síðari breytingum um Þjóðarbóklöðu og endurbætur menningarbygginga. Hlutverk hans er að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins. Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar, og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnina til jafnlags tíma. Á árinu 2002 er framlag skv. fjárlögum 335 millj. kr.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi varðveitir íslensku fornhandritin sem komu til Íslands frá Danmörku samkvæmt sáttmála milli landanna og vinnur að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar. Hún er háskólastofnun með sérstakri stjórn og hefur sjálfstæðan fjárhag. Um stofnunina gilda lög nr. 70/1972, með síðari breytingum. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 88 millj. kr.

Útvarp

Útvarpsréttarnefnd

Samkvæmt útvarpslögum (nr. 53/2000) veitir þingkjörin útvarpsréttarnefnd leyfi til útvarps og fylgist með því að lagareglum um slík leyfi sé fylgt. Árið 2001 voru 13 hljóðvarpsstöðvar og 10 sjónvarpsstöðvar með s.k. langtímaleyfi.

Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið er samkvæmt lögum (nr. 122/2000) sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Megintekjustofnar þess eru afnotagjöld sem á árinu 2002 nema 2.155 milljarði kr. og gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi. Lögin kveða á um að Ríkisútvarpið skuli senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Ríkisútvarpinu eru m.a. lagðar þær skyldur á herðar um dagskrárgerð að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Málrækt

Íslensk málnefnd

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun sem hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti. Um starfsemi nefndarinnar gilda nú lög (nr. 2/1990, með síðari breytingum). Meðal verkefna hennar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis og veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli. Nefndin skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Skrifstofa nefndarinnar, rekin í samvinnu við Háskóla Íslands, heitir **Íslensk**

málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum. Árið 2002 er framlag skv. fjárlögum 16,6 millj. kr.

Málræktarsjóður

Íslensk málnefnd hefur stofnað málræktarsjóð, sem starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá (nr. 297/1995). Meginmarkmið sjóðsins er að beita sér fyrir og styðja hvers konar starfsemi til eflingar íslenskri tungu og varðveislu hennar.

Dagur íslenskrar tungu

Hinn 16. nóvember 1995 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu menntamálaráðherra, að 16. nóvember ár hvert, fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar, sé dagur íslenskrar tungu. Þann dag beitir menntamálaráðuneytið sér fyrir sérstöku átaki í þágu móðurmálsins og er dagurinn helgaður rækt við það. Við undirbúning er lögð áhersla á samvinnu við aðila á mörgum sviðum þjóðlífsins.

Íprótta- og æskulýðsmál

Umsvif ríkisins á sviði almennra ípróttamála og æskulýðsmála eru að mjög litlu leyti stofnanabundin, ef undan er skilinn mikilvægur þáttur skólanna. Margs konar aðstaða til ípróttaiðkunar, svo og fyrir félags- og tómstundastarf ungs fólks, er starfrækt á vegum sveitarfélaga eða fyrir atbeina þeirra, en ekki síst er þetta vettvangur þar sem félagasamtök koma mjög við sögu.

Ípróttamál

Um skipan ípróttamála eru í gildi ípróttalög nr. 64/1998. Samkvæmt þeim fer menntamálaráðuneytið með yfirumsjón ípróttamála að því leyti sem ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íprótta í landinu og aðstöðu til ípróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði ípróttamála.

Ípróttanefnd - Ípróttasjóður

Menntamálaráðherra skipar Ípróttanefnd en í henni eiga fimm menn sæti. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn fulltrúi samkvæmt tillögu stjórnar Íprótta- og Ólympíusambands Íslands, einn fulltrúi samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn fulltrúi samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi samkvæmt tillögu ípróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt eru varamenn skipaðir. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Ípróttanefnd hefur því hlutverki að gegna að vera menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar í ípróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til ípróttamála í fjárlögum og um úthlutun úr Ípróttasjóði. Fé það sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum

hverju sinni skal veita til: sérstakra verkefna á vegum einstaklinga, íþróttafélaga og samtaka þeirra til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar, útbreiðslu- og fræðsluverkefna, rannsókna og verkefna skv. 13. gr. íþróttalaga. Íþróttasjóður hlaut á fjárlögum ársins 2002 18,3 millj. kr. Löggin gera ráð fyrir því að sveitarstjórnir veiti byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélaga. Þá er og kveðið á um, að bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota sé í verkahring sveitarfélaga.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og ýmis sérsambönd á sviði íþróttá njóta styrkja samkvæmt fjárlögum af fjárveitingarliðnum Ýmis íþróttamál. Tekjuöflun íþróttáhreyfingarinnar af getraunastarfsemi er grundvölluð á lögum um getraunir nr. 59/1972 með síðari breytingum og lögum um talnagetraunir nr. 26/1986. Árin 1999/2000 voru tekjur íþróttáhreyfingarinnar vegna Íslenskra getrauna 82,8 millj. kr. og Íslenskrar getspár 193.740 millj. kr.

Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni hefur verið rekin í samvinnu íþróttáhreyfingarinnar, ríkisins og Laugardalshrepps (sbr. reglugerð nr. 220/1991). Við starfseminna hafa verið nýtt íþróttá- og skólamannvirki í eigu ríkisins að Laugarvatni, utan skólatíma, samkvæmt sérstökum samningi.

Árið 1995 var stofnað til samstarfsverkefnis menntamálaráðuneytisins, Akureyrarbæjar, Íþróttasambands Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar um uppbyggingu **Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri**. Sett var reglugerð um miðstöðina (reglugerð nr. 362/1995, sbr. reglugerð nr. 364/1995).

Afreksmannasjóður

Sameiginlegt markmið íþróttáhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi afreksmenn í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum. Til að svo megi verða þarf margt að koma til, þ.m.t. að gefa afreksfólkinu tækifæri á að einbeita sér að því að efla hæfni sína og færni. Til að veita þessu markmiði stuðning var gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um að standa sameiginlega straum af kostnaði vegna starfsemi Afreksmannasjóðs Íslands og auka þar með það ráðstöfunarfé sem sjóðurinn hefur yfir að ráða til að veita styrki til fremstu íþróttamanna þjóðarinnar í því skyni að efla árangur íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi. Samningurinn felur í sér að menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir 10 millj. kr. styrkveitingu á fjárlögum til Afreksmannasjóðs Íslands árin 1999-2003.

Árið 2002 er framlag á fjárveitingarliðnum Ýmis íþróttamál alls 213,2 millj. kr.

Æskulýðs- og tómsundamál

Í lögum um æskulýðsmál nr. 24 frá árinu 1970 er að finna meginreglur um opinberan stuðning við æskulýðs- og tómsundastarfsemi. Þeir aðilar sem gert er ráð fyrir að njóti slíks stuðnings eru samkvæmt lögum félög sem vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, svo og aðrir aðilar sem sinna einkum velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulögðu starfi.

Æskulýðsráð ríkisins

Menntamálaráðherra skipar Æskulýðsráð ríkisins til tveggja ára. Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar, þrjár fulltrúar eru tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt reglugerð um kosningu í Æskulýðsráð ríkisins nr. 11/1989. Einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn.

Æskulýðsráði ríkisins er m.a. ætlað að beita sér fyrir skipulagningu og samræmingu opinbers stuðnings við æskulýðsstarfsemi, vera stjórnvöldum til ráðuneytis um æskulýðsmálefni og hlutast til um rannsóknir á sviði æskulýðsmála.

Árleg fjárveiting á fjárlögum til æskulýðsmála rennur aðallega til stuðnings starfsemi ýmissa æskulýðssamtaka, annað hvort samkvæmt skiptingu í fjárlögum eða ákvörðun menntamálaráðuneytisins við ráðstöfun fjár af fjárveitingarliðnum Æskulýðsmál sem á árinu 2002 er skv. fjárlögum á 88,4 millj. kr.

Auk almenns stuðnings við starfsemi æskulýðssamtaka beinist starf menntamálaráðuneytisins á þessu sviði m.a. að því að styrkja grundvöll félags- og tómsundastarfs með því m.a. að stuðla að útgáfu námsgagna og annars fræðsluefnis, svo og stuðla að því að íslensk ungmenni geti nýtt sér tækifæri til þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði æskulýðs- og tómsundamála.

Yfirlit yfir framlög á fjárlögum til menningarmála 2002

Listir og almenn menningarmál	Millj. kr.
Listamannalaun	246,9
Menningarsjóður félagsheimila.....	8,7
Barnamenningarsjóður	2,5
Listahátíð í Reykjavík.....	25,0
Menningarborgarsjóður	5,0
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	63,7
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	25,0
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis.....	33,6
Menningarstofnanir, óskipt	7,5
Menningarmiðstöðvar á Austurlandi (stofnkostn.).....	17,0
Listir og menning, ýmis verkefni	10,6

Bókmenntir	Millj. kr.
Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn.....	379,6
Blindrabókasafn Íslands	50,8
Menningarsjóður	13,0
Bókasafnssjóður höfunda	19,3
Þýðingarsjóður.....	7,6
Bókmenntakynningarsjóður	6,5
Safnliður	2,0

Leiklist	Millj. kr.
Þjóðleikhúsið.....	454,3
Atvinnuleikhópar	35,0
Áhugaleikfélög	17,2
Íslenski dansflokkurinn.....	63,6
Íslenska óperan.....	107,1
Bandalag ísl. leikfélaga	5,5
Safnliður	4,5

Myndlist	Millj. kr.
Listasafn Íslands	85,9
Listasafn Einars Jónssonar	10,1
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	6,0
Listasafn ASÍ	3,0
Nýlistasafnið	5,0
Listskreytingarsjóður ríkisins	8,0
Myndhöfundasjóður Íslands (fylgiréttargjöld)	1,3
Safnliður	9,7

Tónlist	Millj. kr.
Sinfóníuhljómsveit Íslands	238,0
Safnliður	12,9
Íslensk tónverkamiðstöð	8,6
Tónlist fyrir alla	4,5
Starfsemi hljómsveita	5,5

Kvikmyndalist	Millj. kr.
Kvikmyndasjóður Íslands	305,7
Kvikmyndasafn Íslands	18,2
Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
Kvikmyndaskoðun	2,3
Safnliður	0,3

Menningararfur	Millj. kr.
Þjóðminjasafn Íslands	226,6
Fornleifavernd ríkisins	30,0
Húsafriðunarnefnd	57,5
Örnefnastofnun Íslands	13,9
Þjóðsskjalasafn Íslands	115,6
Endurbótasjóður, menningarstofnanir	349,0
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	88,0
Safnasjóður	58,0
Söfn, ýmis framlög	85,5

Útvarp	Millj. kr.
Ríkisútvarpið (afnotagjöld).....	2.155,0
Málrækt	Millj. kr.
Íslensk málstöð	16,6
Ýmis fræðistörf	Millj. kr.
Fræðistörf	5,8
Útgáfumál.....	7,5
Sögufélagið.....	0,5
Hið ísl. fornritafélag.....	0,5
Launasjóður höfunda fræðiritra	9,5
Iðnsaga Íslands	7,2
Tónlistarsaga Íslands	3,5
Hið ísl. bókmenntafélag.....	4,0
Ýmislegt	Millj. kr.
Höfundarréttargjöld.....	65,7
Skriðuklaustur	10,6
Snorrastofa	11,9
Hestamiðstöð Íslands.....	5,0
Ýmis framlög.....	5,0
Ýmis íþróttamál	Millj. kr.
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	74,7
Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
Íþróttasamband fatlaðra	16,5
Skólaíþróttir	3,0
Íþróttasjóður.....	18,3
Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri.....	2,8
Íþróttamiðstöð Íslands.....	1,0
Glímusamband Íslands.....	3,5
Skáksamband Íslands	9,0
Launasjóður stórmeistara í skák.....	7,2
Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi	10,0
Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungm.fél. 2004.....	10,0

Skáksskóli Íslands	5,8
Afreksmannasjóður	10,0
Bridgesamband Íslands	10,0
Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	0,3
Körfuknattleikssamband Íslands	2,5
Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri (stofnkostn.).....	10,0
Gaddstaðir, reiðskemma (stofnkostn.)	7,0
Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði (stofnkostn.).....	7,0
Safnliður, óskipt.....	3,1

Æskulýðsmál

Millj. kr.

Æskulýðsráð ríkisins.....	2,0
Ungmennafélag Íslands.....	42,0
Bandalag íslenskra skáta	15,5
Útlífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni.....	1,5
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
Landssamband KFUM og KFUK	15,0
Æskulýðsrannsóknir	1,5
Norræn samtök um ungmennastarf (NSU).....	1,1
AFS á Íslandi	0,5
Snorraverkefnið	4,9
Safnliður, óskipt.....	2,9



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ